

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. mars 2018

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurn drengja), þingskjal 183, 114. mál.**

Frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um að gera umskurn drengja refsiverða með allt að sex ára fangelsisdómi er atлага að gyðingdómi. Umskurnin er ásamt hvíldardeginum mikilvægasta sérkenni gyðinga. Samkvæmt Gamla testamentinu er hún tákn sem stendur fyrir sjálfan sáttmála Guðs við útvalda þjóð sína (1 Mós 17) en það þýðir að sérhver drengur sem þar fæðist er umskorinn. Hið gyðinglega heiti er „brit milhah“ sem merkir sáttmáli umskurnarinnar.

Ýmsir valdhafar sem fyrr á öldum reyndu að uppræta gyðingdóm beindu spjótum sínum sérstaklega gegn umskurninni og bönnuðu hana eins og lesa má um í Makkabeubókunum (1Matt 1.60-61). Hið sama gildir um gyðingaofsóknir á síðari tímum. Fráleitt er að halda því fram að frumvarpið um bann við umskurn hafi ekkert með trúarbrögð að gera, jafnvel þótt flutningsmönnum þess hafi upphaflega gengið gott eitt til.

Að gera umskurn að refsiverðri háttsemi úthýsir öllum þeim gyðingum úr landinu sem taka trúarbrögð sín og grundvallareinkenni þeirra alvarlega. Allur meginþorri gyðinga lítur á umskurn sem grundvallaratriði og órjúfanlegan þátt í sjálfsmynd sinni.

Verði sú raunin að það litla gyðingasamfélag sem lifað hefur hér á landi undanfarin ár og áratugi muni leysast upp og hrekjast úr landi vegna þessa frumvarps þá skapar sú staða óneitanlega hugrenningatengsl við myrkan kafla í sögu Íslands á fjórða áratug síðustu aldar, kafla sem flestir Íslendingar vilja helst gleyma en var rifjaður upp í sagnfræðiriti Snorra G. Bergssonar sem kom út nú fyrir jólin.

Bann við umskurn og refsivæðing hennar er í þágu gyðingahaturs ekki bara hér á landi heldur einnig í nágrennalöndunum og ekki síst víðs vegar um Evrópu. Á síðari árum hefur gyðingahatur farið vaxandi á nýjan leik og er þegar orðið alvarlegt vandamál í fjölmörgum löndum Evrópu.

Bannið við umskurn beinist þó ekki bara gegn gyðingum heldur múslimum einnig sem sömuleiðis aðhyllast umskurn á trúarlegum forsendum og telja hana meðal mikilvægustu einkenna sinna.

Ég tek undir með landlækni þegar hann í umsögn sinni um frumvarpið andmælir því að umskurn drengja verði felld undir hegningarlög og „mælir með því að horft sé til reynslu Svía, þar sem bæði löggjafinn og Socialstyrelsen hafa sett fram skýrt regluverk um það hvenær, við hvaða aðstæður og af hverjum þessar aðgerðir eru gerðar“. Þó svo að taka verði tillit til þess vægis sem umskurn hefur fyrir gyðinga og múslima skiptir máli hvernig að henni er staðið og þar þarf að tryggja hagsmuni viðkomandi barna sem mest.

Það hefur verið reynt að koma á banni við umskurn í fleiri löndum á undanförunum árum en af skiljanlegum ástæðum ekki tekist. Hæstiréttur í Þýskalandi taldi t.d. bann við umskurn ekki standast stjórnarskrána fyrir nokkrum árum.

Loks skal tekið undir með þeim sem spurt hafa hvort umskurn drengja sé virkilega það sem mest brenni á íslenskri þjóð nú um stundir.

Virðingarfyllst,

Gunnlaugur A. Jónsson

prófessor í guðfræði og ritskýringu Gamla testamentisins við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands